



Forvarnarstefna Hafnarfjarðar

Forvarnarstefna Hafnarfjarðar miðar að því að forvarnastarfið nái til flestra þátta sem geta haft áhrif á heilbrigt lífverni íbúanna. Ekkert mannlegt er forvarnarstarfinu óviðkomandi.

Forvarnir byrja hjá fjölskyldunni og því er það grundvallaratriði að hún standi traustum fótum. Öll starfsemi á vegum Hafnarfjarðarbæjar skal miða að því að tryggja jákvætt umhverfi fyrir fjölskyldur.

Rannsóknir benda til að hið félagslega umhverfi skipti miklu máli um hvernig ungu fólki farnast í lífinu. Fjölskyldan, skólinn og skipulagt félagsstarf eru stofnanir nútímans sem skipta megin máli varðandi uppeldi ungs fólks. Þessir þrjú þættir eru líklegir til að geta að minnkað vægi óæskilegra utanaðkomandi áhrifa og dregið úr eða minnkað áhættuhegðun á borð við neyslu fíkniefna. Því betri sem tengsl barna og foreldra eru því minni líkur eru á að þau stundi áhættulífstíl og eftir því sem samverustundir með fjölskyldu eru fleiri því minni líkur á að ungmenni byrji að neyta fíkniefna. Einnig hefur notkun skipulagðrar íþrótt- og tómstundastarfsemi jákvæð áhrif á lífsstíl ungmenna. Skólar gegna lykilhlutverki í lífi fjölskyldunnar og nauðsynlegt er að þeir hafi skýra forvarnastefnu.

Mikilvægar stofnanir sem að forvörnum koma eru skólar, félagsmiðstöðvar, foreldrafélög, félagsþjónustan, heilsugæsla, íþróttafélög, lögregla, trúfélög, félagasamtök auk formlegrar og óformlegrar starfsemi á vegum unglunga t.d. nemendafélög. Forvarnarnefnd vinnur að því að samvinna sé á milli þessara aðila um markvisst og árangursríkt forvarnarstarf. Allir þeir sem sinna uppeldismálum með einum eða öðrum hætti skulu vinna saman að því að tryggja að í Hafnarfirði sé fjölskylduvænt umhverfi þar sem fjölskyldunni gefst tækifæri til sameiginlegra tómstunda.

Forvarnarstefna Hafnarfjarðar vísar á eftirfarandi leiðir að ofan-greindum áherslupáttum:

- Efla og styrkja fjölskylduna með því m.a. að stuðla að fræðslu fyrir foreldra. PMT, fræðslufundir og fræðslubæklingar eru góð dæmi um leiðir.
- Styðja við starfsemi félagasamtaka sem sinna fjölskyldu, barna- og unglungastarfi.
- Efla uppeldis- og forvarnahlutverk íþróttafélaga og annarra félaga sem starfa með börnum og unglungum.
- Reyna að koma í veg fyrir notkun tóbaks. Reyna markvisst að koma í veg fyrir misnotkun áfengis og neyslu annarra fíkniefna. Rannsóknir sýna að því seinna sem börn byrja að reykja og drekka því minni líkur eru á misnotkun og að þau stundi áhættuhegðun.
- Fjölga skal möguleikum fjölskyldna og til sameiginlegra tómstunda svo sem með því að búa þannig í haginn fyrir rekstraraðila að fýsilegt sé að reysa til dæmis; skautahöll og keiluhöll, hjólabrettasvæði og fleiri leiksvæði. Bæta á kynningu og aðgengi að útivistarsvæðum Hafnarfjarðar
- Félög sem sinna íþrótt-, menningar- og æskulýðsmálum og njóta styrkja frá sveitarfélaginu sinni forvörnum með markvissum hætti, samanber ákvæði. niðurgreiðslusamnings við Hafnarfjarðarbæ fyrir 16 ára og yngri.
- Leggja skal sérstaka áherslu á að þau leiksvæði sem eru í bænum séu gerð sem útivistarsvæði fjölskyldna. Þannig að fjölskyldan geti saman heimsótt þessa staði og fái viðunandi aðstöðu og öryggi skal tryggt.

- Reka skal félagsmiðstöðvar ungs fólks þar sem unnið er í lýðræðislegum anda og þátttaka, ábyrgð og virkni eru lykilorð. Þar á að vera unnið að viðfangsefnum sem styrkja sjálfsmynd og sjálfsvirðingu. Félagsmiðstöðvar skulu sérstaklega reyna að ná til þeirra sem ekki stunda aðrar skipulagðar tómstundir og þeirra sem tilheyra jaðarhópum.
- Stuðla að fræðslu um forvarnir og lýðheilsu sem víðast í sveitarfélaginu, svo sem í skólum og á vinnustöðum.
- Að skólar geri forvarnaráætlanir þar sem komi fram hvernig unnið er að forvarnarstarfi og viðbragðsáætlanir séu skýrar varðandi agabrot, vímuefnaneyslu, einelti og aðra mikilvæga þætti.
- Haldnir skulu samstarfsfundir þar sem aðilar sem vinna að forvarnar-, lýðheilsu- og uppeldismálum miðla upplýsingum og undirbúa samstarfsverkefni.
- Foreldrafélög geti tekið markvissan þátt í vinnu að forvörnum, s.s. með fræðslufundum, samstarfsfundum og foreldrarölti.
- Að forvarnarstarf með lögreglu haldi áfram og unnið sé með samstarfsaðilum meðal annars að átaki vegna útivistartíma, upplýsingagjöf til foreldra, áramótaátaki og gegn eftirlitslausum unglingsamkvæmum.
- Lykilaðilar í forvörnum og heilsueflingu í sveitarfélaginu skilgreini hlutverk sitt í þeim og hvernig þeir hyggjast vinna að forvörnum.
- Þverfaglegir samstarfshópar stofnana og félagasamtaka fái stuðning til að vinna að forvarnarstarfi í Hafnarfirði.
- Standa skal að rannsóknnum og könnunum sem nýtast til stefnumótunar í forvarnastarfinu og meta hvernig til hefur tekist.
- Samstarfsaðilum sé ljós nauðsyn þess að gera áætlun um viðbrögð, tilvísunarleiðir og skýra verkferla til að aðstoða börn og ungmenni sem eru í áhættuhópi og þau sem hafa orðið fyrir misnotkun eða vanrækslu.
- Gamla bókasafnið gegni lykilhlutverki í forvarnarstarfi, sérstaklega hvað varðar 16 ára og eldri.
- Leita skal til forvarnarfulltrúa framhaldsskólanna og námsráðgjafa framhalds- og grunnskóla eftir samstarfsleiðum og vinna að verkefnum sem bæta velferð barna og unglinga s.s. með sjálfstyrkingarnámskeiðum.
- Skimað skal eftir þeim sem talist geta til áhættuhópa og jaðarhópa og í því skini skal leitað samstarfs við skóla og aðra aðila.
- Vinna skal að verkefnum sem gefa ungu fólki tækifæri, á auðveldan hátt, á að fá ráðgjöf og stuðning frá fagaðilum í Hafnarfirði til dæmis með vegvísun á netinu.
- Stöðugt ber að endurmeta aðgerðaáætlun forvarnarnefndar og skal hún liggja fyrir í upphafi hvers árs.
- Leita þarf leiða til að tryggja að jaðarhópar/áhættuhópar fái viðeigandi stuðning og aðbúnað þar sem þeim gefst tækifæri til uppbyggilegs starfs. Miðlæg félagsmiðstöð eða unglingsathvarf gætu verið verkefni sem miða að því að koma til móts við þessa hópa.
- Leitað verði eftir því við stofnanir og fyrirtæki að þau leggi forvarnaverkefnum lið í formi aðgerða og fjárstuðnings eins og kostur er.
- Unnið skal markvisst að því að ná til og starfa með unglingsum sem ekki finna sig í hefðbundnu tómstundarstarfi.
- Unnið skal leitarstarf, þar sem reynt er að kynnast ástandinu í bænum um kvöldi og.
- Stefnumörkun í forvörnum skal vera í sífelldri endurskoðun.
- Leggja skal áherslu á stefnumótun í almennri lýðheils þar sem sérstök áhersla er lögð á börn og unglinga. Sérstaklega skal horft til verkefna sem miða að aukinni hreyfingu, bættu mataræði og vellíðan.
- Forvarnastarfið getur meðal annars komið að verkefnum sem tengjast offitu, félagslegri einangrun, tóbakskonunum, sjálfstyrkingu, líkamsdýrkun, klámvæðingin og kynbundnu ofbeldi.
- Í leitarstarfi skal fylgjast vel með vinnveitingastöðum í samstarfi við lögreglu og upplýsingum um ástand í og við veitingastaði skal skilað inn til bæjarlögmanns sem hefur umsjón með veitingu vinnveitingaleyfa.
- Vinnveitingastaðir sem sækja um vinnveitingaleyfi skulu uppfylla ákveðin skilyrði. Taka skal m.a. tillit til hvort um fjölskyldustaði er að ræða, nærveru við skólastofnanir og ásýnd staðarins til þess að Hafnarfjarðarbær veiti leyfi.

Hvernig mælum við árangur í forvarnarstarfi og hvort okkur tekst að uppfylla það sem við stefnum að?

- Með rannsóknum
- Með virkni og þátttöku hópa og einstaklinga í forvarnaverkefnum
- Með tölulegum upplýsingum frá lögreglu og barnavernd
- Með fjölda verkefna
- Með viðhorfi samstarfsaðila

Til að vinna að forvörnum í sveitarfélaginu starfar Forvarnarnefnd Hafnarfjarðar sem í sitja kjörnir fulltrúar. Forvarnafulltrúi ber ábyrgð á framkvæmd forvarnarstefnu Hafnarfjarðarbæjar.

<http://www.hafnarfjordur.is/fjolskyldan/forvarnir/>